

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það að nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það.

Láti húseigandi meta húsið að nýju skal heimtaugargjald þó miðast við það mat. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsætningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimild til hækkunar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 15% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Athugasemd.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 29 24. janúar 1974.

Lönaðarráðuneytið, 14. ágúst 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128 27. apríl 1973, um
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með lagmeti og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum er í reglugerð þessari átt við hvers kyns sjávarafurðir til útflutnings, sem pakkaðar eru í loftþéttar umbúðir, svo sem dósir, túbur og glös og umbúðir úr áli, álþynnum, plasti og öðrum áþekktum efnum, sem tíðkast við þökkun matvæla.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins nr. 48 26. maí 1972 staðfestist hér með og öðlast gildi þegar í stað.

Lönaðarráðuneytið, 15. ágúst 1974.

Magnús Kjartansson.

Arni Snævarr.